

EFTIRLITSSKÝRSLA

Stjörnuegg Vallá, Kjalarnesi



UMHVERFISSTOFNUN

Dags eftirlits	30.11.2018	Ábyrgðarmaður eftirlits	Einar Halldórsson
Fyrirtæki	Stjörnuegg	Eftirlitsmaður	Frigg Thorlacius
Heimili	Vallá	Tegund eftirlits	Reglubundið seinna eftirlit
Kennitala	630191-1579	Flokkur	Pauleldi
Fulltrúi fyrirtækis	Kristín Geirsdóttir	ÍSAT nr.	01.47.2
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Farið var í seinna reglubundna eftirlit ársins með Stjörnueggjum að Vallá. Eitt frávik kom fram frá starfsleyfi er varðar umfang starfseminnar skv. deiliskipulagi.

UMFANG EFTIRLITS

Frávik frá grein 41 í reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi. Öruggar mengunar-, áreksturs-, eld- og slysavarnir skulu tryggðar við rekstur neyslugeyma. Ekki er til staðar árekstrar- og lekavörn við olíugeymi. Rekstraraðili hefur sett sig í samband við eiganda tanksins og söluaðila olíunnar. Áætluð verklok eru fyrir 1. apríl nk.

Frávik frá grein 2.1 í starfsleyfisskilyrðum. Við búið skulu vera vandaðar og þéttar hauggeymslur skv. starfsleyfi. Umræður hafa farið fram við rekstraraðila um endurskoðun og breytingar á starfsleyfi sem taka mið af starfseminni eins og henni er háttað.

Í síðustu eftirlitsskýrslu var athugasemd gerð við losun á hrægámi en hrægámurinn er staðsettur við svínabúið á Gili sem er í um 200 m fjarlægð. Skv. rekstraraðila er losun örari en ella þar sem bæði búin notast við sama gám. Eftirlit með svínabúinu á Gili er undir Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur og telur rekstraraðili tvöfalt eftirlit með gámnum mögulega óþarft.

Farið var yfir ákvæði í starfsleyfi og rætt var um umfang starfseminnar en í síðasta eftirliti kom fram að varphænur væru um 60. þús á búinu og áætlað væri að stækka í framtíðinni. Í gildandi deiliskipulagi eru mörkin sett við 50. þús varphænur ásamt því að rekstur alifuglabús yfir 60. þús hænur er ávallt matsskyld framkvæmd. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur hafði áður leiðbeint rekstraraðila um að sækja þurfi um nýtt starfsleyfi að undangengnu mati á umhverfisáhrifum og breytingu á deiliskipulagi. Umhverfisstofnun hefur óskað eftir frekari upplýsingum um stöðu málsins.

Farið var í skoðunarferð umhverfis búið og stöðu rotþróa. Einnig var ástand hrægáms skoðað við svínabúið á Gili.

Frávik frá

Lýsing á frávik

grein 1.3

Í gildandi deiliskipulagi er miðað við að starfsemin sé með um 50.000 varphænur. Starfsemin í dag er með 60.000 varphænur.

ANNAÐ

Umhverfisstofnun óskar eftir upplýsinum um hvernig fylgst er með vöktun köfnunarefnisinnihaldi skv. grein 2.2 í starfsleyfi. Einnig er óskað eftir upplýsingum um magn skíts sem fellur til á hverju ári og dreifingu m.t.t. dreifingar frá öðrum búum.

Reykjavík, 23.01.2019

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

